

Niðurstöður könnunar - Reynsla af afbrotum og viðhorf meðal 18 ára og eldri

(útgefið des 2022)

28% landsmanna leituðu til lögreglu eftir þjónustu

Árið 2021 leituðu 28% landsmanna til lögreglu um aðstoð eða þjónustu. Af þeim sem leituðu til lögreglu voru 78% frekar eða mjög ánægð með þjónustu/aðstoð lögreglu sem er aðeins lægra hlutfall en síðustu ár á undan.

Af landsmönnum leituðu flestir á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu til lögreglu gegnum samfélagsmiðla

Flestir nýttu sér samfélagsmiðla til að hafa samband á Suðurnesjum (24%) og um 20% á höfuðborgarsvæðinu. Þá var hlutfallið einnig hátt hjá íbúum á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi eystra (um 18-19% sem nýtti sér þessa leið).

Konur telja sig síður örugga í miðborginni en karlar

Tæplega helmingur íbúa (47%) segist frekar/mjög öruggir í miðborg Reykjavíkur að kvöldlagi eða eftir miðnætti um helgar. Um 60% karla telja sig örugga og 34% kvenna.

Um helmingur þolenda kynferðisbrota að verða fyrir broti af hálfu ókunnugra

Um 2% landsmanna 18 ára og eldri hafði orðið fyrir kynferðisbroti árið 2021, og í yfir helmingi tilvika hafði einhver þeim ókunnugur beitt ofbeldinu. Í 16% tilvika var kynferðisofbeldið af hálfu „fyrirverandi maka“ (sem var mögulegar núverandi maki þegar atvikið átti sér stað).

2% landsmanna höfðu orðið fyrir hótun um kynferðislega myndbirtingu

Spurt var um reynslu af því að einhver deildi án leyfis kynferðislegu efni sem olli ama árið 2021. Um 1% svarenda hafði orðið fyrir slíku og 2% fengið hótun um slíkt.

Íbúar á Norðurlandi vestra telja lögregluna vera síst aðgengileg af landsmönnum

Almennt telja 73% íbúa lögreglu aðgengilega (var kringum 74-77% fyrri ár). Íbúar á Norðurlandi vestra telja lögreglu síst aðgengilega (66%) en í strjálbýli getur verið langt í næstu lögreglustöð.

Svipað hlutfall varð fyrir innbroti og fyrri ár en færri urðu fyrir þjófnaði

Mjög svipað hlutfall svarenda varð fyrir innbroti árið 2021 og fyrri ár, eða 7% íbúa. Hins vegar urðu færri fyrir þjófnaði 2021 og 2020 miðað við fyrri ár, voru 6% 2021 og 7% 2020, en allt upp í 13% landsmanna árin þar á undan.

Fimmtungur svarenda sem urðu fyrir kynferðisbroti og ofbeldi í nánú sambandi tilkynntu brotið

Um 19% tilkynntu kynferðisbrot til lögreglu sem það varð fyrir árið 2021. Í samanburði við fyrri rannsóknir hefur ekki áður jafn hátt hlutfall landsmanna tilkynnt kynferðisbrot til lögreglu, en 14% þolenda tilkynntu skv. könnun árið 2020.

4% urðu fyrir svikum við kaup á vöru á netinu

Um 4% urðu fyrir því að svikið var af þeim fé við kaup á vöru á netinu. Þá urðu 6% fyrir tilraun til slíks brots.

Um könnun: Hér að ofan má finna helstu niðurstöður úr könnun á reynslu landsmanna af afbrotum, öryggistilfinningu íbúa og viðhorfum til lögreglu. Ríkislögreglustjóri og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu standa að rannsókninni. Um var að ræða netkönnun og lagði Gallup hana fyrir íbúa 18 ára og eldri dagana 1. júní til 8. júlí 2022. Úrtakið var 4.300 manns og svarhlutfall 50,1%. Gögnin eru vigtuð út frá kyni, aldri, menntun og búsetu. Í spurningum um reynslu af afbrotum er spurt um reynslu árið áður, eða árið 2021. Þessi könnun hefur verið lögð fyrir 14 sinnum og árlega frá árinu 2013. Nánar um niðurstöður má finna á vef lögreglu www.logreglan.is